

## Fundargerð

135. stjórnarfundur 17. ágúst 2022

Fundarmenn: Auðbjörg Björnsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Helgi Freyr Hafþórsson, Hjördís Sigursteinsdóttir, Hrannar Mór Hafberg, Ingibjörg Sigurðardóttir og Stefán Guðnason

1. Skipting verka og fundartími. Fyrir fundinum lá að kjósa varaformann, gjaldkera og ritara. Guðmundur Kristján Óskarsson bauð sig fram sem gjaldkeri og varaformaður félagsins og var það samþykkt af öllum stjórnarmönnum. Einnig var samþykkt að Stefán Guðnason yrði ritari stjórnar. Stjórn ákvað að reglubundinn fundartími fram að áramótum yrði 3ja mánudag í hverjum mánuði kl. 12:35-14:35. Formanni falið að senda úr fundarboð fram að áramótum.
2. Fulltrúi FHA í öryggisnefnd HA. Fyrir liggur að kjósa fulltrúa FHA í öryggisnefnd HA til næstu tveggja ára. Nanna Ýr Arnardóttir hefur verið fulltrúi FHA síðustu tvö árin og gaf kost á sér áfram. Stjórn FHA samþykkti það samhljóða.
3. Fulltrúi FHA í rannsóknarmisseriesnefnd. Fyrir liggur að kjósa fulltrúa FHA í rannsóknarmisseriesnefnd til næstu tveggja ára. Fulltrúi FHA mun verða aðalmaður í nefndinni og fulltrúi prófessora varamaður. Stjórn FHA lagði til að leitað yrði til Harðar Sævaldssonar. Auðbjörg Björnsdóttir tók að sér að tala við hann.
4. Kjaraviðræður og áherslur í næstu kjarasamningum. Formaður upplýsti stjórn um stöðuna hjá BHM varðandi sameiginlegar kjaraviðræður. Stjórn ræddi ýmsar áherslur sem kröfugerð FHA ætti að innihalda, þar á meðal áherslur um prósentutöluhækkunar, veikindarétt, LÍN, vinnutímastyttingu og vinnuaðstæður.
5. Önnur mál:
  - a. Fundarþóknanir. Rætt var um hvort tilefni væri til að hækka einingarverð á fundarþóknunum félagsins en hún hefur verið sú sama frá árinu 2019. Formanni var falið að skoða hvað FH væri að greiða í fundarþóknanir.
  - b. Auðbjörg Björnsdóttir upplýsti að nú væri hún komin í nefnd orlofssjóðs BHM og á döfinni væri að selja báðar íbúðirnar úti á granda og kaupa 4 nýjar í Sogavogi.
  - c. Mötuneyti HA og breytt fyrirkomulag. Stjórn FHA var sammála því að ekki væri komin næg reynsla á breytt fyrirkomulag um niðurgreiðslur á máltíðum í mötuneytinu, sérstaklega þar sem lítið er að marka síðustu tvö ár þegar margir voru með vinnuaðstöðu heima hjá sér. Formanni var falið að senda Hólmar Eru Svanssýni



bréf þar sem við mótmælum þeirri ákvörðun að niðurgreiða máltíðir og færa sig  
alfarið aftur í fæðisstyrk.

Fleira var rætt og fundi slitið kl. 12.50

Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð